

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hringa árið 2013

Áfram er blómlegt barna og unglinastarf hjá Hestamannafélaginu Hring á Dalvík. Mikið er um að vera og námskeið og hittingur yfir vetrarmánuðina eru nauðsynleg til þess að halda við geðheilsu í miklum vetrarþunga. Ótrúlegur snjór síðasta vetur hamlaði þó ekki bjartsýnum félögum að halda ótrauð áfram. Höldum við inni næsta vetur full bjarsýni og með von í hjarta um að vetur konungur bæri ekki á sér fyrr en eftir áramótin ;) Það er þó hægt að segja að þjálfun hafi getað verið markviss í vetur og fram á vor vegna snjóa. En við stóðum okkur vel í sumar og var sumarið býstna gott.

Viðburðir:

Jólabingó 23.nóvember. Veturinn hófst á hinu árlega jólabingói Æskulýðsnefndar. Margir góðir vinningar voru í boði og var salurinn fullur af góðu fólki eins og venjulega. Allir komu með eitthvað gott í púkkið á veisluborðið sem er orðin hefð hjá okkur á hverju ári. Gert er hlé á bingóinu og allir fá sér kaffi, kakó og heimabakað brauð og kökur. Síðan er haldið áfram að spila og ekki hætt fyrr en allir vinningar eru gengnir út. Ótrúlega skemmtilegt kvöld og margir vinningshafar sælir eftir kvöldið.

Reiðtygi þrífín og pússuð fyrstu helgina í janúar. Er þessi dagur orðin hefð áður en reiðkennsla hefst á veturnar. Mikilvægt þykir okkur hjá Æskulýðsnefnd að börnin læri strax að hugsa vel um þau verðmæti er snerta hestamennskuna. Eins og til dæmis að hugsa vel um reiðtygin sín ekki síður en um hestana sína.

Reiðkennsla barna og unglinga hófst í lok janúar og var aðra hverja helgi allan veturinn. Kennari var Cristina Newert(Tina) sem búsett er í Syðra-Garðshorni í Svarfaðardal.

Myndasýning af fyrri viðburðum síðastliðinna ára var haldin 19.janúar. Vöfflur voru bakaðar í tilefni dagsins og öllum boðið að koma og sjá sýninguna. Mikið var hlegið og gert grín. Vöfflum voru gerð góð skil og skemmtu sér allir hið besta.

Hindrunarstökksnámskeið fyrir eldri krakkana var í Mars og apríl fyrir þau sem voru eldri en 12 ára. Kennari var Cristina Newert(Tina)

Æfingar fyrir Æskan og hesturinn hófust síðan í byrjun apríl. Cristina Newert(Tina) og Dagbjört Ásgeirsdóttir sáu um skipulag og kennslu æfinganna sem tókst með ágætum.

Æskan og hesturinn var síðan haldið fyrsta sunnudag í maí á Sauðárkróki, nánar tiltekið þann 5. Maí. Þangað fóru Hringsfélagar með rúmlega 20 börn og hesta. 3 atriði voru sýnd af okkar félögum og voru þau okkur til sóma. Hátíðin Æskan og hesturinn er gulrótin í félagsstarfi okkar í Hring yfir vetrarmánuðina, þótti okkur þó leitt að sjá hversu fá félög sáu sér fært að mæta á Krókinn þetta árið. Spurning er hvort þetta lýsi félagsandandum annarsstaðar? Eða er spurning um að halda þessa hátíð bara á einum stað á norðurlandi. Sýningin var allavega mjög vel heppnuð á Akureyri í fyrra.

Þann 28.mars var haldið glæsilegt páskamót Æskulýðsnefndar innanhúss í Hringsholti. Mikið var leikið og keppt í hinum ýmsu greinum, fengu allir páskaegg í lok dags og slegið var upp kaffi fyrir alla félaga. Góður dagur og skemmtilegur.

Sumarið 2013 sá Sveinbjörn Hjörleifsson um reiðnámskeið fyrir börn eins og fyrri ár. Mikil aðsókn er að komast á reiðnámskeið hjá ungu kynslóðinni og mælast námskeiðin vel fyrir.

Þann 8.júní var haldið æskulýðsmót Hrings, mótið tókst einstaklega vel og voru mörg börn skráð til leiks. Mótið var einungis ætlað Hringsfélögum sem fjölmenntu á mótið(þ.e börn unglingar og ungmenni).

Æskulýðsferð Hrings var farin helgina 12-14.júlí í Stekkjarhús sem er skáli í afrétt Skíðadals/Svarfaðardals. Er þetta í annað sinn sem farið er þangað með hóp af börnum og unglingum og verður ferðin skemmtileg viðbót við allt annað félagsstarf æskulýðsnefndar á næstu árum. Það stefnir í að þessi ferð verði gerð að árlegum viðburði fyrir börnin og aðstandendur þeirra. Í ár voru um 40 manns sem komu saman í Stekkjarhúsum og borðuðu saman grillmat.

Riðið er frá Hringsholti á föstudegi og áð í Tungurétt. Þar eru hrossin skilin eftir um nóttina og lagt af stað aftur á Laugardegi um kaffileytið fram í afrétt. Þegar komið er í gangnamannaskálann(Stekkjarkjars) er slegið upp grillveislu og mikið er brallað og brasað fram eftir kvöldi. Á sunnudeginum er síðan lagt af stað heim í Hringsholt þegar allir eru búnir að fá sér morgunhressingu og búið er að ganga frá skálanum. Hrossum er smalað saman og lagt á. Á leiðinni heim er áð á nokkrum stöðum svo að menn og hross geti hvílt sig stutta stund. Ferðin í ár tókst í alla staði vel og verður örugglega farið aftur að ári.

Helgina 24-25.ágúst var haldið stórmót Hrings. Þar kepptu mörg af okkar börnum, unglingum og ungmennum. Gekk mótið eins og best var á kosið og hömpuðu margir verðlaunagripum og voru ánægðir með sitt eftir þessa helgi. Sjaldan hafa eins mörg börn og unglingar verið skráð og keppt á svona stóru móti eins og í ár og lýsir það áhuga á keppni og því sem henni fylgir. Hestakostur er sífellt að batna og verður vonandi enn betri að ári.

En alltaf er einhver sem skarar framúr og það er einn félagi í okkar hópi sem hefur skarað áberandi framúr í sinni reiðmennsku og sýnt frammúrskarandi árangur í keppni undanfarin ár og það er Anna Kristín Friðriksdóttir. Langaði okkur að leggja á borð árangur hennar og nokkurra annarra félagsmanna á þessu keppnistímabili.

Anna Kristín Friðriksdóttir og eppir í ungmennaflokki og fullorðinsflokki. Hennar árangur á þessu keppnistímabili er eftirfarandi:

Anna Kristín og Glaður frá Grund:

*Bautatölt, opinn flokkur , 6,53 15.sæti

*Svínavatn, opinn flokkur, B-flokkur. Forkeppni - 8,59. 3.-4.sæti, úrslit 8,50 5.sæti

*Svínavatn, opinn flokkur, tölt. Forkeppni – 7,13. 4.sæti, úrslit 6,90 5.sæti

*Stjörnutölt, opinn flokkur, tölt. 6,60 8.sæti

*Úrtaka fyrir fjórðungsmót, Gæðingamót Léttis, ungmennaflokkur, Forkeppni – 8,57 1.sæti,úrslit ekki riðin.

*Íslandsmót. Fimi A2, ungmennaflokkur. 6,67 1.sæti

*Íslandsmót. Fjörgangur, ungmennaflokkur. Forkeppni – 6,93. 3.-4.sæti. Úrslit 7,13 3.sæti.

*Íslandsmót. Tölt, ungmennaflokkur. Forkeppni – 6,90 9.sæti. B-úrslit 7,39. 1.sæti, A-úrslit 7,22. 4.sæti

*Fjórðungsmót. Ungmennaflokkur, Forkeppni – 8,50. 1.sæti. Úrslit 8,57 1.sæti

*Íþróttamót Hrings. Ungmennaflokkur. Fjörgangur. Forkeppni – 6,73 1.sæti, úrslit 7,33 1.sæti

*Íþróttamót Hrings. Opinn flokkur, Tölt. Forkeppni 7,10 3.sæti, úrslit 7,44 4.sæti

Anna Kristín og Svarti – Svanur frá Grund

*Ísmót Hrings. Opinn flokkur 100 m skeið, Tími:9,06 og 9,70 2.sæti

*Ísmót Gnýfara. Opinn flokkur 100 m. Skeið, Tími 9,15 3.sæti

*Mývatn Open. Opinn flokkur 100 m.skeið Tími: 9,25 6.sæti

*Íslandsmót. Ungmennaflokkur. Gæðingaskeið 6,54 4.sæti

*Íslandsmót. Ungmennaflokkur. 100 m.skeið Tími: 8,20 4.sæti.

*Stórmót á Melgerðismelum. Opinn flokkur 100 m.skeið Tími 8,63 4.sæti

Anna Kristín og Veigar frá Narfastöðum

Skagfirska mótaröðin. Ungmennaflokkur. Fjörgangur, forkeppni 5,50 2.sæti. Úrslit 5,97 1.sæti

Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir keppir í ungmennaflokki, og fullorðinsflokki- hennar árangur á þessu keppnistímabili var mjög góður. Hún keppti á Íslandsmóti yngri flokka í 5-gangi á hestinum Degi frá Strandarhöfði, hún kom efst inn í úrslit eftir forkeppnina en hafnaði síðan í 4.sæti með einkunnina 6.81. Síðan keppti hún á hestinum sínum Geisla frá Úlfsstöðum í fyrsta skipti í 4-gangi og höfnuðu þau í 30. Sæti á sama móti.

Ellen keppti síðan á stórmóti Hrings í ágúst. Þar hafnaði hún í 1.sæti í 5-gang á Degi frá Strandarhöfði með einkunnina 7.86 þar keppti hún í fullorðinsflokki. Á sama móti og á sama hesti keppti hún í gæðingaskeiði og hafnaði hún í 4.sæti með einkunnina 7.50.

Gullý Mattíasdóttir keppti aðeins í sumar og má nefna að hún hafnaði í 2.sæti í flokki áhugamanna á Gæðingamóti Geysis í júní á Nafna frá Feti, síðan hafnaði hún í 10.sæti á hryssunni sinni Heiðu Hrings frá Dalvík í 4-gang 2.flokkur á Sumarsmelli Harðar í Mosfellsbæ.

Fleiri unglingar og ungmenni kepptu á hinum ýmsu mótum fyrir okkar félag og stóðu sig mjög vel. Má þar nefna Eydísu Örne Hilmarsdóttur, Bjarka Fannar Brynjuson, Hjörleif Helga Sveinbjörnsson, Ólöfu Antonsdóttir, Vigdísu Sigurðardóttur, Krístrúnu Birnu Hjálmarsdóttur, Amalíu Nönnu Júlíusdóttur, Guðmund Hreiðar Björnsson og fleiri og fleiri. Þessir krakkar kepptu aðallega á mótum innan Eyjafjarðarsvæðisins og stóðu sig með stakri þrýði. Kepptu þau í öllum greinum og þar á meðal flestum skeiðgreinum sem í boði eru. Mikill áhugi er fyrir skeiði í hópnum okkar og hafa krakkarnir aðgang að stórgóðum skeiðknöpum sem hafa mikið aðstoðað þau við að læra að leggja hest á skeið.

Æskulýðsnefnd veitir viðurkenningar á hverju ári þeim börnum er þykja skara framúr í sinni hestamennsku, er það ekki endanlega tengt keppnisárangri heldur frekar dugnaði og samviskusemi í allri vinnu við hestana sína. Í ár hreppti Urður Birta Helgadóttir 9 ára Hvatningarverðlaun Hrings fyrir ótrúlegan dugnað, framfarir í reiðmennsku og áhuga. Einnig voru veitt verðlaun sem nefnast Dugnaðarforkur Hrings og var það Vigdís Sævaldsdóttir 11 ára sem hlaut þau fyrir mikinn dugnað í vetur og framfarir. Hlutu þær verðlaunabikara að launum og voru ekkert smá sælar og ætla örugglega að halda áfram á sömu braut í framtíðinni.

Kveðja Æskulýðsnefnd Hrings.
Guðrún Rut Hreiðarsdóttir.